



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um að útbúa leiðbeiningar fyrir trans börn og ungmenni í íþróttum eldri en 12 ára Flutningsaðilar: ÍBR, ÍRB og FSÍ

Íþróttáþing haldið 16. og 17. maí 2025 samþykkir að Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) haldi áfram þeirri mikilvægu vinnu sem þegar hefur verið unnin varðandi þátttöku trans og kynsegin einstaklinga í íþróttum. Sérstök áhersla verði lögð á að:

1. Móta og gefa út leiðbeiningar um þátttöku trans og kynsegin barna í íþróttum eftir tólf ára aldur, í framhaldi af bæklingnum *Trans börn og íþróttir* sem gefinn var út árið 2020.
2. Leiðbeiningarnar taki mið af nýlegri lagasetningu, þ. á m. lögum um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, með það að markmiði að tryggja að engum verði mismunað á grundvelli kyns í íþróttastarfi.
3. Leitað verði samráðs við fagfólk á sviði kynjajafnréttis, lýðheilsu, íþróttifræði, trans samtaka og foreldra barna í markhópnum við mótun efnisins.

Greinargerð:

Það ætti vera leiðarljós íþróttahreyfingarinnar að tryggja að öll börn – óháð kyni, kyngevri eða sjálfsmynd – upplifi sig velkomin, örugg og gild í íþróttastarfi. Samkvæmt gildandi lögum er mismunun á grundvelli kyns óheimil í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi.

Bæklingurinn *Trans börn og íþróttir* hefur reynst gagnlegt verkfæri fyrir þjálfara og félög, en nær eingöngu til barna fyrir kynþroska. Það er mikilvægt að bæta við leiðbeiningum sem taka sérstaklega til barna og ungmenna yfir tólf ára aldrí. Slíkar leiðbeiningar stuðla að auknu aðgengi, jöfnuði og velferð trans og kynsegin barna innan íþróttahreyfingarinnar.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar